

SAMNINGUR MILLI ÍSLANDS OG GUERNSEY
UM AÐGANG AÐ FRAMKVÆMD GAGNKVÆMS SAMKOMULAGS
Í TENGLUM VIÐ LEIÐRÉTTINGU Á HAGNAÐI TENGDRÁ FYRIRTÆKJA

Ríkisstjórn Íslands og stjórnvöld á Guernsey („sammingsaðilar“), sem óska eftir að gera með sér samning um aðgang að framkvæmd gagnkvæms samkomulags í tengslum við leiðréttingu á hagnaði tengdra fyrirtækja,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Skattar sem samningurinn tekur til.

Samningur þessi gildir um skatta á tekjur og hagnað.

2. gr.

Skilgreiningar.

1. Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir, nema annað leiði af samhenginu:

- a) „Ísland“ merkir Ísland og, þegar heitið er notað í landfræðilegum skilningi, yfirráðasvæði Íslands, þar með talin landhelgin og sérhvert það svæði utan landhelginnar þar sem Ísland hefur að þjóðarétti lögsögu eða fullveldisréttindi að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans og hafið yfir honum og náttúruauðlindir þeirra;
- b) „Guernsey“ merkir Guernsey, Alderney og Hem, þar með talin landhelgin umhverfis þessar eyjar að þjóðarétti;
- c) „bært stjórnvald“ merkir:
 - (i) að því er varðar Ísland, fjármálaráðherra eða fulltrúa hans;
 - (ii) að því er varðar Guernsey, skattstjórnann eða fulltrúa hans.

2. Við framkvæmd sammingsaðila á ákvæðum þessa sammings á hverjum tíma skulu öll hugtök sem ekki eru skilgreind í samningnum nema annað leiði af samhengi, hafa sömu merkingu og þau hafa á þeim tíma samkvæmt lögum viðkomandi sammingsaðila að því er varðar þá skatta sem samningurinn tekur til. Sú merking sem hugtakið hefur samkvæmt

viðeigandi skattalögum þess samningsaðila, skal ganga framur þeirri merkingu sem hugtakið hefur samkvæmt öðrum lögum þess samningsaðila.

3. gr.

Meginreglur sem gilda um leiðréttingu á hagnaði tengdra fyrirtækja.

1. Ef:

- a) fyrirtæki hjá samningsaðila tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum fyrirtækis hjá hinum samningsaðilanum eða á, beint eða óbeint, hluta af fjármagni þess; eða
- b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum fyrirtækis hjá samningsaðila, svo og fyrirtækis hjá hinum samningsaðilanum eða eiga, beint eða óbeint, hluta af fjármagni þeirra,

og hlutaðeigandi fyrirtæki semja eða setja í öðru hvoru tilvikinu skilmála um innbyrðis samband sitt á viðskipta- eða fjármálasviðinu, sem eru frábrugðnir því sem væri ef fyrirtækin væru óháð hvort öðru, má allur hagnaður, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins en rennur ekki til þess vegna skilmálanna, teljast til hagnaðar þess fyrirtækis og skattleggjast samkvæmt því.

2. Þegar samningsaðili telur til hagnaðar fyrirtækis þess samningsaðila og skattleggur samkvæmt því hagnað fyrirtækis hjá hinum samningsaðilanum, sem hefur verið skattlagður af þeim samningsaðila, og hagnaðurinn, sem þannig er innifalinn, er hagnaður sem hefði runnið til fyrirtækisins hjá fyrrnefnda samningsaðilanum ef skilmálarnir, sem samið var um milli fyrirtækjanna tveggja, hefðu verið þeir sömu og samið hefði verið um milli óháðra fyrirtækja, skal síðarnefndi samningsaðilinn gera viðeigandi leiðréttingu á fjárhæð þess skatts sem lagður er þar á þennan hagnað ef hinn samningsaðilinn telur leiðréttinguna réttlæt看lega. Við ákvörðun slíkrar leiðréttingar skal fullt tillit tekið til annarra ákvæða þessa samnings.

4. gr.

Almennt ákvæði.

Ef samningsaðili hyggst leiðrétta hagnað fyrirtækis í samræmi við meginreglurnar, sem settar eru fram í 3. gr., skal hann, í samræmi við eigin lög, tilkynna fyrirtækinu í tæka tíð um fyrirhugaða aðgerð og gefa því tækifæri til að tilkynna það hinu fyrirtækinu til þess að gefa því fyrirtæki tækifæri á að tilkynna það hinum samningsaðilanum. Samt sem áður skal ekkert koma í veg fyrir að samningsaðilinn, sem veitir slíkar upplýsingar, geri fyrirhugaða leiðréttingu.

5. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.

1. Ef fyrirtæki telur, í einhverju því tilviki sem samningur þessi gildir um, að aðgerðir annars eða beggja samningsaðila leiði eða muni leiða til tvísköttunar að því er það varðar getur það, án þess að það raski rétti þess til að færa sér í nyt þau réttarráði sem lög

samningsaðilanna kveða á um, lagt mál sitt fyrir bært stjórnvald þess samningsaðila sem það hefur heimilisfesti hjá. Málið verður að leggja fyrir innan þriggja ára frá því að fyrsta tilkynningin berst um aðgerðir sem brjóta í bága við eða eru líklegar til þess að brjóta í bága við þær meginreglur sem eru settar fram í 3. gr. Bært stjórnvald skal þegar í stað tilkynna það bæru stjórnvaldi hins samningsaðilans.

2. Ef bært stjórnvald telur að andmælin séu á rökum reist en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald hins samningsaðilans í því skyni að komast hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins. Slíkt samkomulag skal koma til framkvæmda óháð öllum tímatakmörkunum sem í gildi eru samkvæmt lögum samningsaðilanna.

3. Bær stjórnvöld samningsaðilanna skulu, með gagnkvæmu samkomulagi, leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi túlkun eða beitingu samningsins.

4. Bær stjórnvöld samningsaðilanna geta haft beint samband sín á milli í því skyni að ná samkomulagi í samræmi við undanfarandi málsgreinar.

6. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að samningsaðilar hafa tilkynnt hvor öðrum skriflega um að málsmeðferðinni sem krafist er samkvæmt lögum þeirra sé lokið. Samningurinn kemur til framkvæmda að því er varðar skatta sem leggja má á vegna skattárs sem hefst 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningur þessi öðlast gildi..

2. Samningurinn skal, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar ekki koma til framkvæmda fyrr en samningurinn, sem undirritaður var 28. október 2008 milli Íslands og stjórnvalda á Guernsey um upplýsingaskipti um skattamál, kemur til framkvæmda.

7. gr.
Uppsögn.

1. Samningur þessi gildir þar til samningsaðili segir honum upp. Hvor samningsaðili um sig getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu um uppsögn eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok almanaksárs. Gildir samningurinn þá ekki lengur að því er varðar skatta sem leggja má á vegna skattárs sem hefst 1. janúar eða síðar á næsta almanaksári eftir lok þriggja mánaða tímabilsins..

2. Samningur þessi fellur úr gildi án tilkynningar um uppsögn, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar, þann dag þegar samningurinn, sem undirritaður var 28. október 2008 milli Íslands og Guernsey um upplýsingaskipti um skattamál, fellur úr gildi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í Helsinki hinn 28. október 2008 á ensku.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

Fyrir hönd stjórnvalda á Guernsey:

Árni M. Mathiesen

Lyndon Trott